



Hagstofa Íslands

3. desember 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum, 62. mál.


Hagstofa Íslands hefur frá stofndeggi fyrir öld síðan tekið saman skýrslur um almennar kosningar í landinu. Einn þáttur þeirrar skýrslugerðar er að afla upplýsinga um kjörsókn eftir sveitarfélögum. Kjörstjórnir í sveitarfélögum hafa tekið saman upplýsingar og fært þær inn á eyðublöð eða rafrænar töflur sem Hagstofan hefur sent kjörstjórnnum í aðdraganda kosninga og óskað upplýsinga um kjósendur, einkum varðandi kjósendur á kjörstað og þá sem kusu utan kjörfundar. Einnig hefur Hagstofan á annan áratug aflað upplýsinga frá kjörstjórnnum um þátttöku karla og kvenna í kosningum. Komið hafa ítrekað upp vandkvæði við þá leið Hagstofunnar að óska eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum fyrir þessa tiltölulega einföldu sundurliðun á fjölda kjósenda eftir sveitarfélögum. Reynsla Hagstofunnar af innsöfnun upplýsinga frá kjörstjórnnum er sú að útfylling eyðublaðanna er sögð vera íþyngjandi, niðurstöður sem skilað er skortir ásættanleg gæði og óljós verkferli við útfyllingu skýrslna til Hagstofunnar auka á villuhættu. Við yfirferð skýrslna að afstöðnum þingkosningum hefur Hagstofunni gengið treglega að fá kjörstjórnir til að lagfæra villur og ósamkvæmni sem upp hafa komið. Þetta hefur oft leitt af sér miklar tafir við frágang og birtingu kosningaskýrslna.

Hagstofan telur í ljósi reynslunnar af framkvæmd kosninga að óráðlegt sé að auka svarbyrði kjörstjórna með óskum um viðbótarupplýsingar, til dæmis um aldur kjósenda, og muni að öðru óbreyttu ekki skila gögnum af nægjanlegum gæðum svo hægt sé að birta opinberar hagtölur um kosningar.

Eina raunhæfa leiðin sem gerir Hagstofunni kleift að birta fjölbreyttari upplýsingar um kosningaþátttöku er að stofnunin hafi aðgang að skráum um þá einstaklinga sem neyttu atkvæðisréttar síns. Með aðgangi að rafrænni skrá með kennitölu kjósenda myndu öll ofangreind vandkvæði hverfa á svipstundu og Hagstofan gæti birt fjölþættari upplýsingar um bakgrunn kjósenda en til þessa. Á meðan slíkar skrár eru ekki tiltækar er helsta lausnin sú að nota kjörgögnin sjálf og skrá kennitölur kjósenda eftir þeim að afstöðnum kosningum. Í alþingiskosningunum 27. apríl 2013 voru 237.807 kjósendur á kjörskrá og af þeim greiddu 193.828 atkvæði. Lauslegt mat bendir til þess að skráning og innsláttur gagna um alla kjósendur á landinu sé um fjögurra mánaða verk og að þann verkhluta megi leysa af hendi utan Hagstofunnar. Eðlilegt má telja að vörsluaðili kjörgagna að afstöðnum kosningum annist gerð slíkrar skrár um kjósendur og afhendi hana Hagstofunni að því loknu til að taka saman kosningaskýrslur. Um kosningar til sveitarstjórna gilda vissulega aðrar reglur um kjörstjórnir og talningu atkvæða, en fyrir Hagstofuna er eðli vandans hið sama og í öðrum almennum kosningum, upplýsingar vantar um kennitölur kjósenda.

Hagstofunni er ekki kunnugt um hvort breyta þurfi gildandi lögum til að koma slíku verkefni í framkvæmd fyrir næstu kosningar og að halda jafnframt í heiðri reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga. Í lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, gilda víðtækar heimildir en jafnframt strangar reglur um trúnaðarupplýsingar og meðferð þeirra. Því skortir Hagstofuna ekki lagastoð til að nota kennitölur einstaklinga við gerð kosningaskýrslna um kjósendur og þátttöku þeirra í kosningum.

Virðingarfyllst,



Magnús S. Magnússon
skrifstofustjóri